



Styrkir til rannsókna á sviði fæðinga-, kvenna-, barna- og fjölskyldufræða

Rannsóknarsjóði rannsóknarstofu kvenna- og barnaþjónustu (RKB) er ætlað að efla rannsóknir og sérfræðipækkingu á sviðinu með því að veita fjárstyrki til:

- Rannsókna sem fela í sér nýsköpun þekkingar á sviðinu
- Meistara- eða doktorsverkefna
- Þróunarverkefna svo sem forrannsókna (pilot) og gerðar spurningalista/matskvarða

Stofnfé sjóðsins er gjöf frá Minningargjafasjóði Landspítala Íslands og fjárframlög einstaklinga og lögaðila, gjafir, styrkir og áheiti sem tengd eru starfsemi rannsóknarstofunnar.

Velunnarar sjóðsins eiga þakkir skildar.

Óskað er eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum

- Umsóknarfrestur rennur út á miðnætti 15. september 2024
- Umsókn er skilað á rafrænu umsóknarformi rannsókna- og styrkumsjónakerfis Landspítala
- Veittir verða þrjú veglegir styrkir að hámarki 1 milljón króna ásamt minni styrkjum.
- Ítarlegri upplýsingar um gerð umsókna og mat á umsóknum má finna [hér](#)
- Úthlutun verður 1. nóvember 2024 í tengslum við ráðstefnuna „Fjölskyldan og barnið“